

TILLAGA

Til: bæjarstjórnar Kópavogs
Frá: bæjarfulltrúum Vina Kópavogs

Lagt er til að bæjarráði sé falið að gera starfslýsingu fyrir starf bæjarstjóra

Greinargerð:

I sveitarstjórnarlögum og 49. gr. bæjarmálasamþykktar Kópavogs er lýst víðtæku hlutverki bæjarstjóra. Hann fer með daglega stjórn bæjarfélagsins og er æðsti yfirmaður annars starfsliðs þess. Hann skal sjá um að stjórnslá bæjarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna. Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar. Þar hefur hann málfrelsi, tillögurétt og rétt til bókana en ekki atkvæðisrétt nema hann sé jafnframt kjörinn fulltrúi í bæjarstjórninni. Hann hefur jafnframt rétt til setu á fundum nefnda og ráða sem bæjarstjórn skipar. Þá ber bæjarstjóra að sjá um að fundir bæjarstjórnar, bæjarráðs og annarra nefnda bæjarstjórnar séu vel undirbúnir, m.a. í þeim tilgangi að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst. Hann sér einnig um að ákvarðanir sem teknar eru af hálfu bæjarstjórnar og annarra nefnda komist til framkvæmda, hafi bæjarstjórn ekki falið það öðrum. Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarfélags. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarfélagsins, lántökur og ábyrgðir, svo og önnur skjöl sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnar þarf til.

Skýlt er samkvæmt 54.gr. sveitarstjórnarlaga að gera skriflegan ráðningarsamning við bæjarsjóra, þar sem starfskjör hans eru ákveðin. Þessi tillaga felur í sér að einnig verði unnin starfslýsing fyrir bæjarstjórastarfið í samvinnu bæjarráðs og bæjarstjóra. Markmiðið er að skýra samskipti og tengsl vegna hins víðtæka og margþætta hlutverks sem bæjarstjóri fer með.

Helga Jónsdóttir

Kolbeinn Reginsson